

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti

101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 22. maí 2019
Erindi 201904394/- uvi

Efni: Umsögn fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022.

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar 282. fundur 21. maí 2019 fjallaði um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022 sbr. mál 771.

Umsögn nefndarinnar er eftirfarandi:

Ástæða er til þess að fagna metnaðarfullri tillögu til framkvæmdaáætlunar á sviði barnaverndar. Tillagan felur í sér samstarf þeirra aðila sem að málum barna koma, áherslu á snemmtæka íhlutun í mál barna, stuðning við starfsfólk barnaverndarnefnda, eflingu faglegra vinnubragða og áherslu á gagnreyndar aðferðir og rannsóknir.

Tekið er undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar um D-lið um stuðning vegna barna á fósturheimilum. Þó er bent á að huga þarf einnig að börnum sem glíma við flókin vanda, barna sem eru í varanlegu fóstri ásamt því efla og auka þjálfun og fræðslu til sem verðandi fósturforeldrum stendur til boða. Ennfremur er tekið undir sjónarmið Barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar um lið E.4 um að hraðað verði uppbyggingu að nýju meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu.

Að lokum er lögð áhersla á að tryggt verði að fjármagn fylgi þeim verkefnum sem áætlunin tekur, ásamt því að ákvörðun um útgjöld sem falla á sveitarfélögin verði ekki tekin einhliða af ríkinu heldur verið gengið til samninga við sveitarfélögin um þann kostnað.

Virðingarfyllst

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

